

DRÖG

Samningur um rekstur heilsugæslustöðvar

milli Sjúkratrygginga Íslands, kt. 650309-0220, Reykjavík (hér eftir nefndar SÍ) og _____, kt. _____, (hér eftir nefndur verksali) um rekstur heilsugæslustöðvar að Aðalgötu 60 Reykjanesbæ.

Samningurinn er gerður á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og laga nr. 123/2015 um opinber fjármál.

1. gr.

Samningsgögn

Eftirtalin fylgiskjöl eru hluti samnings þessa. Komi upp misræmi milli gagna skal það ganga framur sem ríkari kröfur gerir á hendur verksala. Samningsaðilum SÍ ber að fylgja tilteknum lágmarkskröfum við framkvæmd samninganna skv. neðangreindum skilmálum.

Fylgiskjal I Almennir skilmálar Sjúkratrygginga Íslands um kaup á heilbrigðisþjónustu, frá 1. júlí í 2019.

Fylgiskjal II Kröfulýsing vegna rekstrar heilsugæsluþjónustu, útgáfa 2.0.

Fylgiskjal III Fjármögnunarlíkan heilsugæslu á landsbyggðinni, útg. 2022.

Fylgiskjal IV Tilboðshefti.

Fylgiskjal V Tilboð verksala.

2. gr.

Umfang verkefnis

Samningur þessi tekur til heilsugæsluþjónustu, sbr. lög nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu og reglugerð nr. 1111/2020 um heilbrigðisumdæmi og hlutverk, starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa.

Í kröfulýsingu vegna rekstrar heilsugæsluþjónustu, nú útgáfu 2.0, sbr. fylgiskjal II, eru settar fram kröfur til þjónustunnar. Verksala ber að fylgja gildandi kröfulýsingu, vegna rekstrar heilsugæsluþjónustu, á hverjum tíma.

3. gr.

Þjónusta verksala

Verksali tekur að sér að veita heilsugæsluþjónustu á heilsugæslustöðinni að Aðalgötu 60 Reykjanesbæ. Þjónustan skal veitt í samræmi við grein 4.9 í kröfulýsingu.

Sú meginregla gildir í heilbrigðiskerfinu að heilsugæslan er fyrsti viðkomustaður ef um heilsufarsvanda er að ræða. Þrátt fyrir skiptingu landsins í heilbrigðisumdæmi skulu sjúklingar jafnan eiga rétt á að leita til þeirrar heilsugæslustöðvar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni, sbr. 6. mgr. 17. gr. gr. reglugerðar nr. 1111/2020 um heilbrigðisumdæmi og hlutverk, starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa.

Heilsugæslustöðin skal vera opin alla virka daga frá kl. 08:00 – 17:00. Auk þess skal bjóða upp á þjónustu verksala utan lágmarksþjónustutíma frá kl. 17.00–18 alla virka daga. Þjónusta eftir kl. 18 virka daga og um helgar verður veitt af Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Verksali greiðir fyrir rannsóknir sem hann pantar, þó ekki myndgreiningarrannsóknir.

Verksala er heimilt að kaupa sérhæfða heilbrigðisþjónustu og stoðþjónustu af sjálfstætt starfandi aðilum, enda tryggi hann að þeir hafi löggildingu í starfi og uppfylli ekki minni kröfur en gerðar eru til verksala um þjónustu samkvæmt samningi þessum.

4. gr.

Gæði og kröfur til þjónustunnar

Verksali ábyrgist að félagið sé í meirihlutaeigu heilbrigðisstarfsmanna og skulu þeir starfa við heilsugæslustöðina í að minnsta kosti 80% starfshlutfalli.

Þjónusta verksala skal uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í gildandi lögum og reglugerðum um málaflokkinn á hverjum tíma svo og kröfur sem koma fram í kröfulýsingu.

Verksali skal hafa að lágmarki tvo aðila til taks, lækni og hjúkrunarfræðing, sem hafa það hlutverk að sinna bráðaþjónustu á dagvinnutíma.

Verksali skal gæta ýtrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna með hliðsjón af faglegum kröfum og viðurkenndum fræðum.

Verksali skal við veitingu þjónustu samkvæmt samningnum almennt setja sér það markmið að veita þeim sem til hans leita eins góða þjónustu og kostur er. Verksali skal setja sér gæða- og þjónustumarkmið.

Verksali skal halda sjúkraskrá í samræmi við tilmæli landlæknis um lágmarksskráningu samskipta á heilsugæslustöðvum og á lækna stofum, sjá gr. 4.10 í kröfulýsingu.

Verksali skal skrá kerfisbundið kvartanir frá sjúklingum og aðstandendum þeirra vegna þjónustunnar, sbr. grein 2.9 í kröfulýsingu.

Verksali skal halda skrá um óvænt atvik, sbr. 9. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu og tilkynna landlækni án tafar um óvænt atvik sem valdið hefur eða hefði getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni, sbr. 10. gr. laganna. Sjá nánar kafla 2.9 í kröfulýsingu.

Gæðaeftirlit verksala skal vera í samræmi við grein 5.4 í kröfulýsingu.

5. gr.

Skráning á heilsugæslustöð

Hámarksfjöldi sjúklinga sem skráðir eru á hvern lækni tekur mið af kyni, aldri og sjúkdómsbyrði skjólstæðingahópsins og er breytilegur milli svæða og tímabila. Staðlaður fjöldi er að hámarki 2.500 einstaklingar á hvert stöðugildi læknis.

Engir skráðir einstaklingar verða færðir á umrædda heilsugæslu. Einstaklingur getur skráð sig sjálfur og telst vera skráður á heilsugæslustöðina þegar hann hefur með undirskrift sinni á heilsugæslustöðinni, í Réttindagátt SÍ eða í Heilsuveru staðfest skráningu á stöðina og veitt þannig samþykki fyrir flutningi sjúkraskrárgagna, þegar við á. Samhliða og sjálfkrafa fer viðkomandi einstaklingur af skrá hjá þeirri heilsugæslustöð sem hann tilheyrði áður.

Lögð skal áhersla á þverfaglega samvinnu fagstétta innan heilsugæslu með það að markmiði að efla einstaklingsmiðaða þjónustu og opna fyrir tilfærslu verkefna milli fagstétta.

6. gr.

Starfsfólk

Verksali skipar faglega forsvarsmenn stöðvarinnar í samræmi við gildandi lög um heilbrigðisþjónustu. Faglegur forsvarsaður/forsvarsmenn taka þátt í skipulagningu starfseminnar. Verksali skal enn fremur tilnefna einn aðila sem er faglegur tengiliður við umsjónaraðila (Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sbr. grein 1.3 í kröfúlýsingu) og rekstrarlegan tengilið við SÍ. Nöfn þessara aðila og ábyrgðarstaða ásamt upplýsingum um menntun og reynslu skulu berast SÍ áður en viðkomandi hefur störf.

Mönnun er á ábyrgð verksala. Hann ræður heilbrigðisstarfsfólk og annað starfsfólk til starfa.

Mönnun skal stýrt í samræmi við álag til að halda uppi því þjónustustigi sem gerð er krafa um í kröfúlýsingu.

Heilsugæslustöðin er áætluð um _____ lækna stöð. Við undirritun samningsins eru lykilstarfsmenn: _____ sérfræðingar í heimilislækningum _____ hjúkrunarfræðingar með ljósmóðurréttindi og _____ hjúkrunarfræðingur með framhaldsmenntun í heilsugæsluhjúkrun.

7. gr.

Húsnæði og búnaður

Starfsemin skal fara fram í 1.050 m² húsnæði á jarðhæð að Aðalgötu 60, Reykjanesbæ sem ríkið leggur til/leigir undir starfsemina. Miðað er við að húsnæðið verði innréttað í samráði við verksala.

Verksali skal leggja til búnað og lækningartæki heilsugæslustöðvarinnar. Búnaður heilsugæslustöðvarinnar skal taka mið af búnaðarlista í staðli Félags íslenskra heimilislækna frá 2008. Um lækningatæki gilda lög nr. 132/2020 og reglugerð nr. 934/2010. Sjá nánar grein 2.5.2. í kröfúlýsingu. Ríkið skuldbindur sig til að kaupa búnaðinn að samningstíma loknum komi ekki til framlengingar hans eða endurnýjunar.

Verksali skal tryggja viðhald og endurnýjun búnaðar eftir þörfum.

Verksali skal skrá og vinna með rafrænar sjúkraskrár. Hann skal útvega allan nauðsynlegan tölvubúnað og standa straum af kostnaði við uppfærslu, rekstur og þjónustu, sbr. gr. 4.10 í kröfulýsingu. Hann skal einnig gera viðeigandi ráðstafanir varðandi tölvu- og tæknibúnað svo hægt verða að samtengja sjúkraskrár, sbr. gr. 3.6.2 í kröfulýsingu.

8. gr.

Greiðslur til verksala.

Fjármögnun samnings þessa fer skv. fjármögnunarlíkani fyrir heilsugæslu á landsbyggðinni, 2022, sbr. *fylgiskjal III* með samningi þessum.

Mánaðarlegar greiðslur SÍ skv. samningnum fara eftir fjölda þeirra einstaklinga sem skráðir eru á heilsugæslustöðina síðasta dag hvers mánaðar að teknu tilliti til sjúkdómsgreininga og annarra þátta sem tilgreindir eru í fjármögnunarlíkaninu.

Sæki einstaklingur, sem ekki er skráður á heilsugæslustöð verksala, þjónustu hjá honum verður millifærð þóknun frá þeirri stöð/heimilislækni sem einstaklingurinn er skráður hjá yfir til verksala. Sama á við ef einstaklingur, sem skráður er hjá verksala, sækir þjónustu á aðra stöð eða til læknavaktar, þó ekki læknavaktar sem verksali hefur samning við, sbr. 5. mgr. 3. gr., þá skal millifæra þóknun frá verksala til viðkomandi stöðvar.

Greiðslur SÍ miðast við að verksali beri fulla fjárhagslega ábyrgð á rekstri, þ.m.t. á greiðslu launa, lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sinna, starfstengdum kostnaði, t.d. launum staðgengla vegna veikinda, námsleyfa og námskostnaðar, svo og hugsanlegum skaðabótakröfum. SÍ bera ekki ábyrgð á öðru en því sem getið er í samningi þessum.

Fjárhæðir í fjármögnunarlíkaninu eru á verðlagi ársins 2022. Greiðslur skv. samningnum breytast 1. janúar ár hvert miðað við launa- og verðlagsforsendur fjárlaga hjá stofnunum sem annast heilsugæsluþjónustu.

Fari fram endurmat á launa- og verðlagsforsendum fjárveitinga til heilsugæslu innan ársins skal endurskoða fjárveitingu í fjármögnunarlíkaninu með sama hætti.

Verksali innheimtir gjald hjá sjúkratryggðum samkvæmt reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nú reglugerð nr. 1582/2021. Gjald þetta skerðir greiðslur SÍ skv. fjármögnunarlíkaninu. Aðrar sértekjur, sem verksali aflar, s.s. gjöld ósjúkratryggðra, skerða ekki greiðslur SÍ.

Greiðslur SÍ skv. 2. mgr. skulu greiddar eftir á, fyrsta virka dag næsta mánaðar eftir þjónustumánuð. Þá fer einnig fram uppgjör og millifærslur vegna liðins mánaðar enda liggja allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir.

Við undirritun samnings þessa er áætluð opnun heilsugæslunnar _____.

Innifalið í greiðslum til verksala er allur daglegur rekstrarkostnaður fasteignarinnar. .

Greiðslur SÍ skulu lagðar inn á bankareikning verksala nr. _____.

9. gr.

Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir

Verksali skal afla samþykkis SÍ til hvers konar óvenjulegra fjárhagslegra ráðstafana í tengslum við samninginn sem ekki verða leiddar beint af samningnum eða fara í bága við hann.

Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga og lög nr. 145/1994 um bókhald.

Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi vegna starfsemi og þjónustu samkvæmt samningi þessum aðgreindum frá öðru bókhaldi og eignum verksala.

Óheimilt er að taka arð út úr rekstri heilsugæslustöðva. Ávinning af rekstri skal nýta til úrbóta og uppbyggingar í þágu notenda þjónustunnar.

10. gr.

Samstarf

Verksali skal taka þátt í faglegu starfi til jafns við aðrar heilsugæslustöðvar innan heilbrigðisumdæmisins. Hann skal jafnframt vinna að upplýsingatæknimálum í samstarfi við aðrar heilsugæslustöðvar.

Verksali getur nýtt sér sérhæfða miðlæga heilbrigðisþjónustu hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sér að kostnaðarlausu eins og aðrar heilsugæslustöðvar s.s. þjónustu þroska- og hegðunarstöðvar og geðheilsu eftirfylgd.

11. gr.

Breyting verkefna og ný verkefni

SÍ og verksala er heimilt að óska eftir breytingum á verkefnum heilsugæslustöðvarinnar. Skulu aðilar semja sérstaklega um slíkar breytingar og greiðslur vegna þeirra og skal það gert áður en þær koma til framkvæmda. Allar óskir um breytingar, ný verkefni eða niðurfellingu verkefna, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins.

Samningur um breytingar, ný verkefni eða niðurfellingu verkefna skal vera undirritaður af samningsaðilum.

12. gr.

Eftirlit með framkvæmd samningsins

Um eftirlit með framkvæmd samnings þessa fer skv. 5. kafla kröfulýsingar vegna rekstrar heilsugæsluþjónustu, sbr. *fylogiskjal II*.

SÍ hafa eftirlit með framkvæmd samning þessa, sbr. 45. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008. Þeim heilbrigðisstarfsmönnum, sem ábyrgð bera á vörslu sjúkraskráa, er skylt að veita læknum SÍ, eða eftir atvikum hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum SÍ, þær upplýsingar og gögn sem stofnuninni eru nauðsynleg vegna eftirlitshlutverks hennar. Þá er læknum SÍ, eða hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum þegar það á við, heimilt að skoða þann hluta sjúkraskrár sem nauðsynlegt er vegna eftirlits með samningum og reikningsgerð á hendur stofnuninni, sbr. 46 gr. laganna.

13. gr.
Ábyrgð og tryggingar

Verksali ber alla ábyrgð á rekstri heilsugæslustöðvarinnar, þar með töldum verkum undirverktaka og auk þess því tjóni er SÍ eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.

Verksali skal hafa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um. Verksali skal hafa fullnægjandi starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingu hjá viðurkenndu váttryggingafélagi og færa sönnur á það ef SÍ óska þess.

Verksali skal hafa allar aðrar rekstrartryggingar í gildi vegna starfseminnar þ.á.m. tryggingar starfsfólks í samræmi við ákvæði kjarasamninga og skyldutryggingar vegna húsnæðis.

Verksali framfylgir ákvæðum stjórnarsýslulaga vegna þeirrar stjórnarsýslu sem honum er falið að annast og er hluti þeirrar þjónustu sem hann veitir samkvæmt samningnum.

14. gr.
Vanefndir og vanefndarúrræði

Ef verksali vanefnir samningsskyldur sínar, geta SÍ krafist tafarlausra úrbóta og sett tímafresti. Falli þjónusta niður eða skerðist verulega er SÍ heimilt að skerða greiðslur í réttu hlutfalli við brottfallið eða skerðinguna.

Hafi verksali ekki bætt úr annmörkum samnings, skv. kröfugerð, innan tímafrests hefur SÍ heimild til að fresta greiðslum þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar.

Ef verksali vanefnir samningsskyldur sínar, geta SÍ rift samningnum. Samningi þessum verður þó eigi rift nema vanefnd sé veruleg, enda hafi SÍ áður gert verksala viðvart skriflega og gefið honum hæfilegan frest til úrbóta.

Hafi SÍ rift samningi vegna vanefnda verksala geta þær krafist verksala um þann kostnaðarauka sem af samningsrofinu kann að leiða. SÍ geta og krafist verksala um bætur fyrir annað tjón eftir almennum reglum.

Leiti verksali nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, verði hann úrskurðaður gjaldþrota eða árangurslaust fjárnám gert í búi hans, er SÍ heimilt án fyrirvara að segja samningi upp.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um vanefndir SÍ gagnvart verksala.

15. gr.
Framsal réttinda

Verksala er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samning þessum, nema með skriflegu samþykki SÍ.

16. gr.

Skuldskeyting - undirverktakar

Verksala er heimilt að ráða undirverktaka til að sinna verkefnum samkvæmt samningi þessum enda séu ekki minni kröfur til hans gerðar en til verksala í samningi þessum. Undirverktaka skal í öllum tilvikum byggjast á skriflegum verksamningi.

Ef verksali felur undirverktaka að taka að sér einstaka þjónustuþætti samkvæmt samningi þessum, breytast í engu samningsskyldur verksala gagnvart SÍ.

17. gr.

Upplýsingaskylda

Verksali skal ótilkvaddur senda SÍ og Ríkisendurskoðun fyrir lok apríl ár hvert endurskoðaðan ársreikning ársins á undan vegna þeirrar starfsemi verksala sem heyrir undir samninginn.

Verksali skal senda SÍ fyrir lok apríl ár hvert ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfseminni og framkvæmd hennar.

Ríkisendurskoðun getur kallað eftir gögnum frá verksala er stofnunin telur þurfa við endurskoðun á samningnum, sbr. grein 5.3 í kröfulýsingu.

Verksali skal skila upplýsingum um starfsemina sem landlæknir kallar eftir á hverjum tíma.

18. gr.

Þagnarskylda og persónuvernd

Verksali skuldbindur sig til að láta starfsmenn sína undirrita heit um þagnarskyldu, þess efnis að þeim sé skylt að gæta þagnarmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Um þagnarskyldu gilda að öðru leyti ákvæði III. kafla laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 svo og 17. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn.

Ráði verksali undirverktaka til starfa skv. 16. gr. skuldbindur verksali sig til að láta undirverktaka og starfsmenn hans undirrita sams konar heit.

Öllum veitendum heilbrigðisþjónustu og starfsmönnum þeirra ber að fara með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og tryggja áreiðanleika upplýsinga. Þeim ber einnig að tryggja að bestu öryggisákvæðum sé beitt við alla vinnslu og geymslu gagna sbr. lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Njóti viðkomandi samningsaðili þjónustu 3ja aðila skal hann ábyrgjast að hann fylgi einnig ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

19. gr.

Samstarfsnefnd

Samstarfsnefnd skal starfa á vegum samningsaðila. Í nefndina tilnefnir hvor aðili tvo fulltrúa. SÍ skal leggja til ritara. Samstarfsnefnd skal taka fyrir mál er varða samskipti og skal vera leiðbeinandi um framkvæmd og túlkun samnings þessa og leitast við að koma á sáttum í ágreiningsmálum er upp kunna að koma í samskiptum aðila.

Nefndarmenn skulu gæta fyllsta trúnaðar varðandi þær upplýsingar sem nefndin sýslar með.

20. gr.
Dómsmál

Rísi mál út af samningi þessum skal það lagt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

21. gr.
Gildistími og endurskoðunarákvæði

Samningur þessi gildir í fimm ár frá og með _____ Við undirritun samnings þessa er áætlað að móttaka sjúklinga hefjist _____ gangi það eftir gildir samningur þessi til og með _____. Hann öðlast þó ekki gildi fyrr en hann hefur verið staðfestur af heilbrigðisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.

Telji samningsaðili að forsendur samningsins hafi breyst getur hann farið fram á viðræður um endurskoðun á einstaka ákvæðum hans. Allar breytingar á ákvæðum samnings þessa skulu aðilar gera skriflega.

Samningur er uppsegjanlegur að hálfu verksala með 12 mánaða fyrirvara, miðað við áramót.

22. gr.
Fyrirvarar

Fjárhæðir í fjármögnunarlíkani eru settar fram með fyrirvara um fjárveitingar á grundvelli fjárheimilda í fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunni að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig verður heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi eða hagræðingu í rekstri stöðvarinnar í sama mæli og hjá öðrum heilbrigðisstofnunum, taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um starfsleyfi _____ (Heilsugæslu í Reykjanesbæ)

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu heilbrigðisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.

Reykjavík, _____ 2022

Samningur þessi er undirritaður með rafrænum hætti

**Almennir skilmálar Sjúkratrygginga Íslands um kaup á heilbrigðisþjónustu, frá
1. júlí 2019.**

Kröfulýsing vegna rekstrar heilsugæsluþjónustu, útgáfa 2.0

Fylgiskjal II

Fjármögnunarlíkan heilsugæslu á landsbyggðinni, útgáfa 2022

https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Fj%a1rm%b6gnunar%adkan%20heilsug%a6slu%20%a1%20landsbygg%b0inni%202021_til%20vefbirtingar.pdf

Tilboðshefti

Fylgiskjal IV

Tilboð verksala

Fylgiskjal V